

HOLA - samtök spænskumælandi á Íslandi
Umsögn um 19. mál: Stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda



Reykjavík, 15. október 2018

HOLA - samtök spænskumælandi á Íslandi fagnar þingsályktunartillögu um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda. Það er mikil og vaxandi þörf fyrir stað þar sem þeir íbúar landsins sem ekki tala íslensku geta komið og fengið upplýsingar, leiðbeiningar og aðstoð. Enginn slíkur staður hefur verið til mjög lengi. Það er von okkar að slíkur staður geti tekið til starfa sem fyrst, í samvinnu ríkis og sveitarfélag, og verði til þess að innflytjendur séu upplýstari um réttindi sín og skyldur.

Fyrir hönd HOLA,

María Sastre
formaður